

Mál nr. 164/2016**M
og
vátryggingamiðlunin X v/starfstryggingar.****Ágreiningur um niðurfellingu starfstryggingar. Aðild. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.5.2016, ásamt fylgigögnum.

Gögn varðandi samskipti V við M og breska vátryggjendur eftir móttöku málskots.

Málsatvik.

Frá árinu 2008 hafði M í gildi svonefnda starfstryggingu hjá bresku vátryggingafélagi sem hann hafði keypt fyrir milligöngu V sem er vátryggingamiðlun með starfsleyfi hér á landi. M gerir þá kröfu að hann fái greiddar bætur úr vátryggingunni vegna sjúkdóms sem hann vísar til að hafi greinst 21. maí 2014 og vísar til vátryggingarsamnings, auk vátryggingarskírteinis, sem útgefið hafi verið af X 3. mars 2014. M vísar til þess að hann hafi tilkynnt um tjón sitt 24. júní 2015 með bréfi V til M, dags. 1. júlí 2015, var M tilkynnt að við athugun á þeirri bótakröfu hafi komið í ljós að vátryggingin hafði ekki verið endurnýjuð hjá viðkomandi vátryggingafélagi. Því væri ekki grundvöllur til að framvísa kröfu og krefjast bóta en í málskoti er einnig vísað til tjónsatburðar sem átti sér stað 21. maí 2015 og óvinnufærni M frá 22. maí 2015. Í kjölfarið áttu M og V í samskiptum m.a. um ástæður þess að vátrygging M var ekki endurnýjuð og rétt vátryggingafélagsins að endurnýja ekki vátrygginguna og tók nefndin afstöðu til þess hluta málsins með úrskurði í máli nr. 21/2016. Hvað varð ágreining um greiðsluskyldu vegna tjónsatburðar eftir atvikum í maí á árinu 2014 eða 20185 hefur ekki fengist úrlausn mála milli X og M og er sá hluti málsins því einnig til úrlausnar hjá nefndinni.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytisins (áður viðskiptaráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja (áður Sambands íslenskra tryggingafélaga). Í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna segir að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. X á ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og er því ekki aðili að þeim samningi sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum grundvallast á og ágreiningur M beinist heldur ekki að vátryggingafélagi sem á aðild að téðum samningi. Ágreiningur málsaðila heyrir því ekki undir nefndina og ber með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.